

## AUGLÝSING

### **um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2010, stækkun svæðis fyrir frístundabyggð í Stafafellsfjöllum og nýtt íbúðarsvæði í Brekku.**

Skipulagsstofnun staðfesti þann 16. janúar 2014 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 1998-2010, sem samþykkt var í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 7. nóvember 2013. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst þann 11. janúar 2014.

Í breytingunni felst að landbúnaðarsvæði minnkar en svæði fyrir frístundabyggð stækkar að sama skapi í Stafafellsfjöllum. Jafnframt verður til íbúðarsvæði undir eitt hús en í staðinn minnkar svæði fyrir frístundabyggð í Brekku.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 16. janúar 2014.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

B-deild – Útgáfud.: 30. janúar 2014